

## Ályktun Hagsmunasamtaka heimilanna vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar

Ríkisstjórnin kynnti í gær umfangsmiklar aðgerðir vegna "skuldavanda heimilanna" (er í raun innheimtuvandi fjármálafyrirtækja). Hagsmunasamtök heimilanna fagna mörgu sem þar kemur fram, en taka skýrt fram að þessar aðgerðir, sem eru skref í rétta átt, eru á engan hátt fullnægjandi til að lina þjáningar, bæta það tjón og

forsendubrest sem heimili landsins urðu fyrir vegna fjárglæfra stjórnenda fjármálafyrirtækja, meingallaðrar efnahagsstjórnar og eftirlits. Ekkert í aðgerðum þriggja ríkisstjórna hefur falið í sér neitt til að leiðrétta óréttláta og stökkbreytta hækkun höfuðstóls lána heimilanna. Vandséð er hvernig þessar aðgerðir leiði til sátta í samfélaginu eða enduruppbyggingar hagkerfisins.



Hagsmunasamtök heimilanna vilja rifja upp að skuldir heimilanna við fjármálakerfið hækkuðu um rúmlega 1.000 milljarða á tæpum fjórum árum frá árslokum 2004 til loka september 2008 eða úr 877 milljörðum í 1.890 milljarða króna. Síðan hafa þessar skuldir hækkað enn frekar. Þung framfærsla og greiðslubyrði þessara skulda er orðin meira en 50% heimila ofviða og vísitölufjölskyldan bætir árlega um 2 milljónum við skuldir sínar. Ekkert í þeim aðgerðum, sem núverandi ríkisstjórn eða tvær hinar síðustu á undan hafa boðið heimilunum upp á, breyta þessari þróun nema tímabundið. Aðgerðirnar hafa frekar miðað að því að festa í sessi það óréttlæti sem íbúar þessa lands hafa þurft að þola af hálfu fjármálakerfisins. Aðgerðir miða að því að staðfesta eignatap, færa eignir heimilanna til fjármálafyrirtækja, sækja í séreignasparnað heimilanna, skuldajafna áður en kemur til niðurfærslu, flýta fyrir uppgjöri, hraða fólki í gegn um þrotáurræði greiðsluáðlögunar eða sértækrar skuldaáðlögunar og svo mætti lengi telja. Hvergi vottar fyrir leiðréttingu á óréttlæti forsendubrests sem við blasir. Heimilin skulu borga eins og þau geta, svo lengi sem þau geta. Eftir það skulu þau gerð upptæk með nauðarsamningum.

Svo sjónum sé beint að hinum „umfangsmiklu aðgerðum vegna skuldavanda heimilanna“, þá ber m.a. að fagna stofnun embættis umboðsmanns skuldara (lántaka) og þeim úrbótum á greiðsluáðlögunarferlinu sem munu fylgja, svo sem að sameina greiðsluáðlögun sammingskraftna og veðkraftna, að opna fyrir að starfandi einyrkjar geti sótt um greiðsluáðlögun, að allir sem eru með íslenskar skuldir geti sótt um greiðsluáðlögun, að greiðsluáðlögun verði skilyrðislaust miðuð við þarfir einstaklingsins. Hugmyndir um lækkun dráttarvaxta, þak á innheimtukostnað, niðurfellingu skattkraftna, að hóflegar skuldbreytingar séu skattfrjálsar og fleira eru of óljósar í bili til að hægt sé að fjalla um þær. Að gera fólki kleift að búa í 12 mánuði í húsi sem það hefur misst á nauðungarsölu er vægast sagt frekar aamt úrræði, þar sem raunverulegt úrræði hefði komið í veg fyrir að nauðungarsölu eignarinnar.

Það er þó óásættanlegt að ætla að þvinga tugþúsundir heimila landsins til nauðasamninga, eignaupptöku og búskapar við verulega fjárræðisskerðingu í 3-5 ár. Ástæða er til að vekja athygli á því að enn er margt mjög óljóst, ef ekki hreinlega villandi, í upplýsingum þeim sem þegar hafa komið fram. Ýmislegt í tillögunum virðist eingöngu til þess fallið að skapa væntingar fólks um raunverulegar lausnir sem ekkert bendir til að verði raunin. Áherslan virðist enn og aftur vera á greiðslugetu og veðrymi sem helstu breytum sem ákvarða útfærslu úrræða í hverju tilviki en ekki

Því tjóni sem hver og einn hefur orðið fyrir. Á það einnig við um úrræði fyrir þá sem sitja uppi með tvær eignir.

Hagsmunasamtök heimilanna krefjast þess að stjórnvöld beiti sér strax fyrir almennri leiðréttingu á stökkbreyttum höfuðstóli lána heimilanna. Samtökin krefjast þess að sett verði, afturvirktil til 1. Janúar 2008, 4% þak á árlegar verðbætur verðtryggðra lána og að gengistryggð lán verði meðhöndluð frá lántökudegi eins og um íslensk krónulán sé að ræða án verðtengingar við erlenda gjaldmiðla. Samtökin krefjast þess að allar leiðréttingar á húsnæðislánum verði skattfrjálsar.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka enn og aftur vilja samtakanna til að vinna með stjórnvöldum að lausnum um skuldavanda heimilanna. Lausnir sem tryggja heimilunum raunverulega og sanngjarna leiðréttingu óréttlátrar hækkunar á höfuðstóli lána þeirra.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna 18.mars 2010.